REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

a. Í 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 850“.
b. Í 2. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 300“ fjárhæðin „kr.350“.
c. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem verður 3. tölul. sem orðast svo:
„Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 150“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

a. Í 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 1.100“ fjárhæðin „kr. 1.300“.
b. Í 2. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 500“ fjárhæðin „kr. 600“.
c. Við 1. mgr. bætist nýr tölul. sem verður 3. tölul. sem orðast svo:
„Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 350“.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verð á 4. gr.:

a. Í a-lið 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 1.100“ fjárhæðin „kr. 1.300“.
b. Í b-lið 1. tölul. 1. mgr. komi á eftir orðunum „óskerts ellilífeyris“ orðin „kr. 500“ og sá hluti málsliðarins sem byrjar á orðunum „og börn með umönnunarkort“ fellur brott.
c. Við b-lið 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo:
„Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 350“.
d. Í a-lið 2. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 1.600“ fjárhæðin „kr. 1.900“.
e. Í b-lið 2. tölul. 1. mgr. komi á eftir orðunum „óskerts ellilífeyris“ orðin „kr. 700“ og sá hluti málsliðarins sem byrjar á orðunum „og börn með umönnunarkort“ fellur brott.
f. Við b-lið 2. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo:
„Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 500“.

4. gr.

5. gr. fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

a. Í a- lið 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 1.800“ fjárhæðin „kr. 2.100“ og í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ komi fjárhæðin „kr. 18.000“.
b. Í b-lið 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 600“ fjárhæðin „kr. 700“ og í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ komi fjárhæðin „kr. 18.000“.
c. Við b-lið 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo:
Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna 1/9 af gjaldi samkvæmt a-lið 1. tl. 6. gr. þó að lágmarki kr. 400 og að hámarki kr. 18.000.

d. Við b-lið 2. tölul. bætist nýr málsliður sem orðast svo:
Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 150.
e. Í a-lið 3. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.
f. Í b-lið 3. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.
g. Við b-lið 3. tölul. bætist nýr málsliður sem orðast svo:
Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna 1/9 af gjaldi samkvæmt a-lið 3. tölul. 6. gr. þó að lágmarki kr. 200 og að hámarki kr. 18.000.
h. Í 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:
a. Í a-lið 1. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 300“ fjárhæðin „kr. 400“.
b. Í b-lið 1. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 100“ fjárhæðin „kr. 150“.
c. Í a-lið 2. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 850“.
d. Í b-lið 2. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 300“ fjárhæðin „kr. 350“.
e. Í a-lið 3. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 850“.
f. Í b-lið 3. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 300“ fjárhæðin „kr. 350“.
g. Í a-lið 4. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 1.000“ fjárhæðin „kr. 1.200“.
h. Í b-lið 4. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 400“ fjárhæðin „kr. 500“.
i. Í a-lið 5. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 600“ fjárhæðin „kr. 700“ og í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ komi fjárhæðin „kr. 18.000“.
j. Í b-lið 5. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.
k. Í a-lið 7. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.
l. Í b-lið 7. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.
m. Í 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr.:
a. Í b-lið komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 300“ fjárhæðin „kr.350“.
b. Í c-lið komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 600“ fjárhæðin „kr. 700“.
c. Í d-lið komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 800“.
d. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Gjald fyrir vottorð skv. 1. mgr. skal renna til stofnunar.

8. gr.

11. gr. orðast svo:
Fyrir meðferð á glasafrjóvgunardeild Landspítalans skal greiða sem hér segir:

		Glasafrjóvgun (IVF)		*Smásjárfrjóvgun(ICSI)*	
1.	Par sem ekki á barn saman:				
	a) fyrsta meðferð	kr.	137.000	kr.	164.000
	b) önnur til fjórða meðferð	kr.	77.000	kr.	93.000
	c) fimmta meðferð eða fleiri	kr.	256.000	kr.	307.000
2.	Par sem á eitt barn saman:				
	a) fyrsta til fjórða meðferð	kr.	202.000	kr.	243.000
	b) fimmta meðferð eða fleiri	kr.	256.000	kr.	307.000
3.	Par sem á fleiri börn saman:	kr.	256.000	kr.	307.000

Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, heimsókna til sérfræðinga á glasafrjóvgunardeildinni og lyfja, annarra en örvunarlyfja eggjastokka,

en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.
Greiðslur skulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar skal greitt 20% af heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma eggheimtu.

4. Uppsetning frystra fósturvísa kr. 42.000.
5. Geymsla frystra fósturvísa kr. 11.000 fyrir hvert byrjað geymsluár.
Frysting fósturvísa er að öðru leyti innifalin í meðferðargjaldi.
6. Tæknisæðing, aðeins ef uppsetning er framkvæmd, kr. 21.000.

Fyrir aðrar rannsóknir á glasafrjóvgunardeild sem ekki tengjast glasafrjóvgunarmeðferð skal greiða eins og um göngudeildarheimsóknir og rannsóknir sé að ræða.

9. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 14. gr.:
Í stað fjárhæðarinnar „kr. 129.000“ komi fjárhæðin „kr. 142.000“.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytinu, 19. desember 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

17. desember 2001 Nr. 954

REGLUGERÐ

um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélaga.

I. KAFLI
Útreikningur aðlagaðs gjaldþols.

1. gr.

Aðlagað gjaldþol vátryggingafélags sem á annað vátryggingafélag að dóttur- eða hlutdeildarfélagi.

Félag sem á annað félag að dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi er í reglugerð þessari nefnt hluteignarfélag.

Aðlagað gjaldþol vátryggingafélags sem á annað vátryggingafélag að dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi er gjaldþol þess skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi, að frádregnum fjárhæðum sem verða til við að sömu eignir séu taldar beint eða óbeint hjá fleiri en einum aðila, sbr. 4. gr., svo og að frádregnum öllum eignum sem verða til við gagnkvæma fjármögnun, sbr. 5. gr. Tekið skal tillit til allra dóttur- og hlutdeildarfélaga vátryggingafélagsins, hluteignarfélaga vátryggingafélagsins og annarra dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga.

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum skulu endurmetnir skv. ákvæðum 3. gr. þannig að m.a. séu felldar niður óefnislegar eignir þeirra félaga.